


✉ Re: Skarðsvegur í Skarðsdal - umsagnarbeiðni

| | |
|-----------|--|
| Búið til | 22.10.2021 13:09:34 |
| Höfundur | Snorri Sigurðsson |
| Sent | 22.10.2021 13:09:33 |
| Tilheyrir |  202109-0027 - Skarðsvegur í Skarðsdal - Umsagnarbeiðni |

Efni

| |
|--|
| Re: Skarðsvegur í Skarðsdal - umsagnarbeiðni |
|--|

Upplýsingar

| | | | |
|--------------|-----------------------|----------|----------|
| Sent | 22.10.2021 13:09:33 | Staða | Imported |
| Eigandi | | Tímamörk | |
| Skjalalykill | 42-0 Umsagnir almennt | | |
| Lykilorð | | | |

Vinnsla

Þátttakendur

| | |
|-----|--|
| Frá | Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is) |
| Til | Jon.A.Jonsson@skipulag.is |

Innihald

| |
|--|
| <p>Góðan daginn,</p> <p>Tilvísun í mál nr. 202109-0027 (SS,RT).</p> <p>Vísað er til tölvupósts frá Skipulagsstofnun, dags. 23. september 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsskyldu tilkynntrar framkvæmdar Vegagerðinnar á Skarðsvegi (793) í Skarðsdal, Siglufirði.</p> <p>Unnið er að framkvæmdum við Skarðsveg og hófust þær 2017, en síðar kom í ljós að framkvæmdasvæðið liggur að hluta innan marka svæðis á náttúruminjaskrá. Um er að ræða eftirfarandi svæði:</p> <p>501. Fjallendið milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar, (423), Skagafjarðarsýslu, Eyjafjarðarsýslu. (1) Hálendi milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar norðan Þjóðvegur nr. 1 á Öxnadalshéiði. Á vestanverðum skaganum eru mörk miðuð við 200 m h.y.s, mörk ná víðast í sjó fram á norðanverðum skaganum og á austanverðum skaganum eru mörk í 150-250 m h.y.s. (2) Hálendur og hrikalegur skagi með djúpum dölum, stórbrotið land. Á hæstu fjöllum eru jöklar. Um hálendið liggja fornar leiðir milli byggða.</p> <p>Umrætt svæði er afar víðfemt og framkvæmdasvæðið teygir sig inn í nyrsta hluta þess. Verndargildi svæðisins í heild er einkum vegna landslags.</p> |
|--|

Framkvæmdin felur fyrst og fremst í sér tilfærslur á veginum auk þess sem breyting verður á staðsetningu og hæðarlegu bílastæða og bætt er við nýju efnistökusvæði við hliðina á bílastæðinu. Umfang efnistökusvæðisins er um 10.000 m² og áætlað að 28.000 m³ verði nýttir af efni. Efnistökusvæðið er því nokkuð stórt og mun verða áberandi í landslaginu. Mest af efni fyrir vegagerðina mun þó fást úr skeringum. Veglínan liggur að stærstum hluta um svæði sem þegar hefur verið raskað en bílastæðið og efnistökusvæðið eru á öröskuðu svæði.

Samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<https://vistgerdakort.ni.is/>) (<https://vistgerdakort.ni.is/>) koma starmóavist, grasmóavist, lyngmóavist á láglandi og hraungambravist aðallega fyrir á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Af þeim hafa grasmóavist og lyngmóavist verið metnar með hátt verndargildi og eru báðar á lista Bernarsamningsins frá 2014 um vistgerðir sem þarfnast verndar. Starungsmýravist kemur fyrir í jaðri framkvæmdasvæðisins norðan við Leyningsá. Hún er einnig á lista Bernarsamningsins og er metin með mjög hátt verndargildi auk þess sem hún hefur verið skilgreind sem forgangsvistgerð (Olga Kolbrún Vilmundardóttir o.fl. 2019).

Engar válistategundir æðplantna hafa verið skráðar í Skarðsdal en hafa ber þó í huga að hjartaffill (*Crepis paludosa*) hefur verið metin tegund í yfirvofandi hættu (NT) (<https://www.ni.is/midlun/utgafa/valistar/plontur/valisti-aedplantna>) (<https://www.ni.is/midlun/utgafa/valistar/plontur/valisti-aedplantna>). Hjartaffill er með verndargildið 8 en verndargildi tegunda er metið út frá tíu matsflokkum (1–10) þar sem sjaldgæfar tegundir fá hátt gildi en algengar tegundir lágt (Hörður Kristinsson o.fl. 2007 (https://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_50.pdf) (https://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_50.pdf)). Hjartaffill vex á snjóþungum stöðum gjarnan í gilbrekkum og skorningum. Hann hefur verið skráður á nokkrum stöðum á Siglufirði m.a. í Skógræktinni í Skarðsdal í Siglufirði og mögulega víðar í dalnum en nákvæm staðsetning liggur ekki fyrir.

Allnokkrar aðrar sjaldgæfar eða fremur sjaldgæfar tegundir eru skráðar í Skarðsdal og næsta nágrenni. Bláklukkulyng (*Phyllodoce caerulea*) er hefur fundist á Skarðdalshrygg og er metið með verndargildið 7. Burkarnir skollakambur (*Struthiopteris spicant*) er með verndargildið 7 og þúsundblaðarós (*Athyrium distentifolium*) með verndargildið 6 hafa einnig verið skráðir í Skarðsdal. Að lokum mætti nefna fjandafælu (*Omalotheca norvegica*) með verndargildi 4.

Ofangreindar tegundir eru allar bundnar við snjóþungsvæði og eða þar sem snjór liggur lengi fram eftir vori og hafa því takmarkaða útbreiðslu á landsvísi. Sumar hverjar, eins og hjartaffill og bláklukkulyng, finnast ekki eða vart utan ystu annesja við utanverðan Eyjafjörð.

Nákvæm staðsetning þessara tegunda er ekki þekkt en eins og háttar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði Skarðsvegur er ekki hægt að útiloka að þær komi fyrir innan þess og því ber að gæta varúðar einkum í grennd við fyrirhugað bílastæði og efnistökusvæði. Mælst er til að svæðið verði kannað nánar með tilliti þessa/sjaldgæfra tegunda.

Náttúrufræðistofnun telur að framkvæmdin muni ekki hafa mikil áhrif á náttúruverndarsvæðið Fjalllendið milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar, á náttúruminjasrá. Þar sem ekki er um nýlagningu vegar að ræða ættu breytingar á landslagi á svæðinu að vera minnimáttar. Þó mætti horfa til þess við hönnun og frágang framkvæmda að reynt sé að minnka ásýndaráhrif eins og hægt er, sérstaklega hvað varðar bílastæði og efnistökusvæði sem eru hreinar viðbætur og munu hafa staðbundin landslagsáhrif.

Ef hugað er að þessum atriðum sem nefnd hafa verið hér að framan eins og hægt er, í ljósi þess að framkvæmd er hafin, þá ætti ekki að vera þörf, að mati Náttúrufræðistofnunar, á að framkvæmdin fari í mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is \(http://www.ni.is/\)](http://www.ni.is)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Jón Ágúst Jónsson" <Jon.A.Jonsson@skipulag.is>
To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>
CC:
Subject: Skarðsvegur í Skarðsdal - umsagnarbeiðni
Date: 23.9.2021 10:38:42

Góðan dag,

Vegagerðin hefur sent Skipulagsstofnun meðfylgjandi tilkynningu móttekin 27. ágúst 2021, um ofangreinda framkvæmd skv. 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Í samræmi við 20. gr. laga nr. 111/2021 er hér með óskað eftir að Náttúrufræðistofnun Íslands gefi umsögn um ofangreinda framkvæmd.

Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort stofnunin telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Jafnframt hvort og þá hvaða atriði umsagnaraðili telur þurfa að skýra frekar og hvort þau kalli að hans mati á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Jafnframt skal í umsögn gera grein fyrir leyfum sem framkvæmdin er háð og eru á starfssviði umsagnaraðila.

Umsögnin óskast send Skipulagsstofnun fyrir 22. október 2021 á skipulag@skipulag.is. Athugið að umsagnarbeiðni þessi er eingöngu send rafrænt.

Með kveðju,

Jón Ágúst Jónsson

Sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment
Skipulagsstofnun - National Planning Agency
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland
sími 595 4100
Jon.A.Jonsson@skipulag.is
www.skipulag.is
www.facebook.com/skipulagsstofnun

Viðhengi

image001.png (5 KB)